

Sveinbjörn með Hjalta Frey í Selvík við Álftavatn í október 2011.



Hjalti Freyr fór með Sveinbirni í sumarbústað í Selvík við Álftavatn ásamt fjölskyldu sinni föstudaginn 28. október 2011. Sveinbjörn eignaðist góða vinkonu sem heitir Fjóla. Þau léku sér saman í gulu húsi sem var félagsmiðstöð nálægt bústaðnum en þar var fullt af dóti. Sveinbirni fannst skemmtilegast að kubba, lesa og vera í leikfangaeldhúsinu. Um kvöldið horfði Sveinbjörn með félögum sínum á myndina Happy Feet svo fóru allir að sofa.

Á laugardagsmorgun var horft á barnatímamann síðan var farið í Gula húsið til að leika. Við fórum líka í heita pottinn en Sveinbjörn horfði bara á því hann er vatnshræddur. Í eftirmiðdaginn borðuðum við vöfflur með rjóma og ís með jarðarberjum. Það var gott. Eftir kaffið fórum við fyrir utan Gula húsið í míní gólf. Við



Fjóla, Guðrún Heiða, Ólöf Aníta, Sveinbjörn og Hjalti Freyr fórum líka í skutlukeppni. Um kvöldið var sameiginleg máltíð með fullt af fólki og kvöldvaka með skemmtiatriðum.

Sunnudagurinn fór aðallega í að pakka saman og koma sér aftur í bæinn en við gátum aðeins farið í Gula húsið að leika áður en lagt var af stað yfir heiðina heim.